

Hlúum vel að þeim sem okkur þykir vænt um

Íslendingar standa frammi fyrir vanda sem snertir unga sem aldna. Mikilvægt er að huga sérstaklega að velferð barna og unglinga á þessum tímum.

Jafnframt þurfum við öll að hafa í huga að óvönduð umræða getur verið skaðleg heilsunni. Mikilvægt er því að vanda orðaval, bæði heima fyrir og á vinnustað, og láta umræðuna ekki fara úr böndunum.

Höfum í huga:

- Góðar samverustundir barna og fullorðinna skapa öryggi
- Börnin þurfa að finna að á þau sé hlustað og að þeirra nánustu séu ekki í hættu
- Halda þarf venjum og festu í lífi barnanna þó að mikið gangi á í samfélaginu
- Ræða þarf á yfirvegaðan hátt um að fjármálakreppan sé tímabundin og þótt nú blási á móti þá beri framtíðin margt gott í skauti sér.



Fullorðnir þurfa að vera góð fyrirmynd fyrir börnin og allir þurfa að leggjast á eitt um að takast á við mótlæti á uppbyggjandi hátt. Í landinu býr heilsuhraust, vel menntuð og dugleg þjóð sem sýnt hefur og sannað að hún getur tekið á vanda þegar þörf krefur.

Tökumst á við erfiðleikana með styrkleika okkar að leiðarljósi.



Kristinn Tómasson
yfirlæknir Vinnueftirlitsins

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Þórólfur Þórlindsson
forstjóri Lýðheilsustöðvar